

Sp.

420. Fyrirspurnir.

1. Til ríkisstjórnarinnar um uppgröft á meintum beinum Jóns biskups Arasonar og sona hans og óleyfðan burtflutning þeirra frá Hólum í Hjaltadal.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvenær voru bein Jóns biskups Arasonar og sona hans grafin upp í Hólakirkjugarði og flutt þaðan burt?
 2. Hver stóð fyrir uppgreftinum? Voru fengin leyfi til verksins hjá ríkisstjórninni, fornminjaverði og sóknarnefnd Hólakirkju?
 3. Í hvaða skyni hefur nokkur hluti af svokallaðri beinagrind Jóns biskups verið send úr landi til einhvers konar rannsóknna?
 4. Hvenær ætlar ríkisstjórnin að láta skila þessum beinum í Hólakirkjugarð?
2. Til ríkisstjórnarinnar varðandi tilkostnað og útgjöld ríkisins við kaup og endurbætur á Bessastöðum svo og um búrekstur á þeirri jörð.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hverju sætir það, að aldrei eru tekin í fjárlög útgjöld ríkisins við endurbygging Bessastaða?
2. Hve mikið greiddi ríkissjóður Sigurði Jónassyni í sambandi við burtför hans af jörðinni?
3. Hve mikið hefur ríkið lagt til Bessastaða á síðustu árum til vegna, sæsima, síma og raflagna?
4. Hve mikið hefur ríkissjóður greitt fyrir viðgerð eða til nýbyggingar eftirtalinna húsa á Bessastöðum:
 - a. Forsetahússins og móttökusalans.
 - b. Starfsmannahússins.
 - c. Útihúsa.
 - d. Fjóss og hlöðu.
 - e. Alifuglahúss?
5. Hve mikil húsameistaralaun hefur ríkissjóður greitt fyrir hverja byggingu, sem tilgreind eru í 4. lið?
6. Hve miklu fé hefur verið varið til framræslu á Bessastöðum, til túnbóta, trjáræktar, garða og skipulags við húsagarð staðarins?
7. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið:
 - a. til hústofnskaupa á Bessastöðum,
 - b. til hvers konar verkvæla vegna búrekstrarins,
 - c. til húsbúnaðar í öll hús staðarins?
8. Hve stórt er búið nú, og hver er meðaluppskera, bæði heyfengur og garðmeti?
9. Hver hefur orðið hagnaður eða tekjuhalli á búrekstrinum á Bessastöðum hvert ár, síðan ríkið hóf þar búrekstur?